

REGLUGERÐ

**um gildistöku tiltekinnar gerðar Evrópusambandsins
um aðskotaefni í matvælum.**

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í XII. kafla, II. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli eftirtalinnar ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar öðlast eftirfarandi EB-gerð gildi hér á landi:

Reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 208/2005 frá 4. febrúar 2005 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 466/2001 að því er varðar fjölhringa, arómatísk vetniskolefni. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 22 frá 10. mars 2006.

Gerðin er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

2. gr.

Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar fara með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt nema annað sé ákvarðað samkvæmt lögum eða sérreglum.

3. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal farið samkvæmt lögum nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum samanber og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli samanber og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 17. desember 2007.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Fylgiskjal.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 208/2005**

frá 4. febrúar 2005

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 466/2001 að því er varðar fjölhringa, arómatísk vetniskolefni

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 315/93 frá 8. febrúar 1993 um málsmeðferð fyrir Bandalagið vegna mengunarefna í matvælum ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 2. gr.,

að höfðu samráði við vísindanefndina um matvæli,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 466/2001 ⁽²⁾ eru tilgreind hámarksgildi tiltekinna aðskotaefna í matvælum, þ.m.t. matvæli sem ætluð eru ungbörnum og smábörnum samkvæmt tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 91/321/EBE frá 14. maí 1991 um ungbarnablöndur og stoðblöndur ⁽³⁾ og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/5/EB frá 16. febrúar 1996 um unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamat fyrir ungbörn og smábörn ⁽⁴⁾.
- 2) Sum aðildarríki hafa samþykkt hámarksgildi fjölhringa, arómatískra vetniskolefna í tilteknum matvælum. Með hliðsjón af ósamræmi milli aðildarríkjanna og hættu á röskun á samkeppni af þeim sökum er nauðsynlegt að gera ráðstafanir á vettvangi Bandalagsins í því skyni að stuðla að heildstæðum markaði og halda jafnframt meðalhófsregluna í heiðri.
- 3) Vísindanefndin um matvæli komst að þeirri niðurstöðu í álitserð sinni frá 4. desember 2002 að allmörg fjölhringa, arómatísk vetniskolefni væru krabbameinsvaldandi erfðaeitur. Við rannsóknir á rannsóknarstofum kom í ljós að gildin sem framkölluðu æxli með tilraunum voru margfalt hærrí en þau sem vænta mátti að fyndust í matvælum og væri neytt. Þar eð viðmiðunarmörk fyrir áhrif erfðaeiturefna liggja ekki fyrir skal minnka magn fjölhringa, arómatískra vetniskolefna í matvælum eins mikið og unnt er.

- 4) Samkvæmt vísindanefndinni um matvæli er hægt að nota bensó(a)pyren sem markefni fyrir tilvist og áhrif krabbameinsvaldandi fjölhringa, arómatískra vetniskolefna í matvælum, þ.m.t. bens(a)antrasen, bensó(b)flúoranten, bensó(j)flúoranten, bensó(k)flúoranten, bensó(g,h,i)perýlen, krýsen, sýklópenta(c,d)pyren, díbens(a,h)antrasen, díbensó(a,e)pyren, díbensó(a,h)pyren, díbensó(a,i)pyren, díbensó(a,l)pyren, indenó(1,2,3-cd)pyren og 5-metýlkrýsen. Frekari greiningar á innbyrðis hlutföllum þessara fjölhringa, arómatískra vetniskolefna í matvælum verða að fara fram með tilliti til seinni tíma mats á því hvort bensó(a)pyren hentar áfram sem markefni.

- 5) Fjölhringa, arómatísk vetniskolefni geta mengað matvæli við hitun og þurrkun ef myndefni frá bruna komast í beint samband við matvælin. Þurrkun og hitun yfir öpunum eldi við framleiðslu á matarolíu, svo sem ólífuhrotolíu, getur leitt til mikils magns fjölhringa, arómatískra vetniskolefna. Við hreinsun á olíu er hægt að nota virk kolefni til að fjarlægja bensó(a)pyren. Ekki er ljóst hvort öll fjölhringa, arómatísk vetniskolefni, sem gefa tilefni til áhyggna, nást úr í hreinsunarferlinu. Nota skal framleiðslu- og vinnsluáðferðir sem strax í upphafi koma í veg fyrir mengun olíu með fjölhringa, arómatískum vetniskolefnum.

- 6) Í því skyni að vernda lýðheilsu eru hámarksgildi bensó(a)pyrens nauðsynleg í tilgreindum matvælum sem innihalda fitu og olíu og í matvælum þar sem reyking eða þurrkun gæti valdið mikilli mengun. Sérstök lægri hámarksgildi eru nauðsynleg fyrir barnamat og þeim er unnt að ná með ströngu eftirliti með framleiðslu og þökkun ungbarna- og stoðblandna og unninna matvæla með korn sem uppistöðu og barnamatar fyrir ungbörn og smábörn. Hámarksgildi eru einnig nauðsynleg í matvælum þar sem umhverfismengun getur valdið mikilli mengun, einkum í fiski og lagarafurðum, til dæmis af völdum oliuleka vegna flutninga.

- 7) Bensó(a)pyren hefur fundist í sumum matvælum, svo sem þurrkuðum ávöxtum og fæðubótarefnum, en fyrirbyggjandi gögn eru of óljós til að ráða megi af þeim hvaða gildi unnt er að setja. Þörf er frekari rannsókna til að skýra hvaða gildi unnt er að setja fyrir þessi matvæli. Í millitíðinni gilda hámarksgildi bensó(a)pyrens í viðkomandi innihaldsefnum, svo sem í olíu og fitu sem notuð er í fæðubótarefnum.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 37, 13.2.1993, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtið. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

⁽²⁾ Stjtið. EB L 77, 16.3.2001, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 684/2004 (Stjtið. ESB L 106, 15.4.2004, bls. 6).

⁽³⁾ Stjtið. EB L 175, 4.7.1991, bls. 35. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2003/14/EB (Stjtið. ESB L 41, 14.2.2003, bls. 37).

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 49, 28.2.1996, bls. 17. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2003/13/EB (Stjtið. ESB L 41, 14.2.2003, bls. 33).

Nr. 1289

17. desember 2007

- 8) Breyta ber reglugerð (EB) nr. 466/2001 til samræmis við það.
- 9) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 466/2001 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá 1. apríl 2005.

Reglugerð þessi gildir ekki um vörur sem voru settar á markað fyrir 1. apríl 2005 í samræmi við gildandi ákvæði. Sönnunarbyrðin varðandi það hvenær vörurnar voru settar á markað hvílir á rekstraraðila viðkomandi matvælafyrirtækis.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. febrúar 2005.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.

VIDAUKI

Eftirfarandi 7. þáttur bætist við í viðauka reglugerðar (EB) nr. 466/2001:

„7. þáttur: Fjölhringa, arómatísk vetniskolefni (PAH)

| Afurð | Hámarksgildi (µg/kg blautvigt) | Nothæfisviðmiðanir við sýnatöku | Nothæfisviðmiðanir við greiningaraðferðir |
|---|-----------------------------------|------------------------------------|--|
| 7.1. Bensó(a)þýren ⁽¹⁾ | | | |
| 7.1.1. Olía og fita, ætluð beint til manneldis eða til nota sem innihaldsefni í matvælum ⁽²⁾ | 2,0 | Tilskipun 2005/10/EB (*) | Tilskipun 2005/10/EB |
| 7.1.2. Barnamatur fyrir ungbörn og smábörn | 1,0 | Tilskipun 2005/10/EB | Tilskipun 2005/10/EB |
| 7.1.2.1. Barnamatur og unnin matvæli með korn sem uppistöðu fyrir ungbörn og smábörn ⁽³⁾ | | | |
| 7.1.2.2. Ungbarnablöndur og stoðblöndur, þ.m.t. mjólk fyrir ungbörn og stoðmjólk ⁽⁴⁾ | | | |
| 7.1.2.3. Sérfaða, notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi ⁽⁵⁾ , ætluð sérstaklega fyrir ungbörn | | | |
| 7.1.3. Reykt kjöt og reyktar kjötafurðir | 5,0 | Tilskipun 2005/10/EB | Tilskipun 2005/10/EB |
| 7.1.4. Reykt fiskhold og reyktar lagarafurðir ⁽⁶⁾ , að frátöldum samlokum | 5,0 | Tilskipun 2005/10/EB | Tilskipun 2005/10/EB |
| 7.1.5. Fiskhold ⁽⁷⁾ , nema af reykum fiski | 2,0 | Tilskipun 2005/10/EB | Tilskipun 2005/10/EB |
| 7.1.6. Krabbadýr, smokkfiskar, nema reykt | 5,0 | Tilskipun 2005/10/EB | Tilskipun 2005/10/EB |
| 7.1.7. Samlokur | 10,0 | Tilskipun 2005/10/EB | Tilskipun 2005/10/EB |

(*) Stjtið. ESB L 34, 8.2.2005, bls. 15.

(1) Hámarksgildi eru skráð fyrir bensó(a)þýren sem er notað sem merkefni fyrir tilvist og áhrif krabbameinsvaldandi fjölhringa, arómatískra vetniskolefna. Með þessum ráðstöfunum er því fullri samræmingu náð í öllum aðildarríkjum hvað snertir fjölhringa, arómatísk vetniskolefni í matvælunum sem skráð eru. Framkvæmdastjórnin skal endurskoða hámarksgildi fjölhringa, arómatískra vetniskolefna í skráðu matvælaflokkunum eigi síðar en 1. apríl 2007 og taka tillit til vísinda- og tæknilegra framfara á sviði myndunar bensó(a)þýrens og annarra krabbameinsvaldandi fjölhringa, arómatískra vetniskolefna í matvælum.

(2) Kakósmjör fellur utan þessa flokks meðan rannsóknir á tilvist bensó(a)þýrens í því fara fram. Þessi undanþága verður endurskoðuð eigi síðar en 1. apríl 2007.

(3) Barnamatur og unnin matvæli með korn sem uppistöðu fyrir ungbörn og smábörn samkvæmt skilgreiningu í 1. gr. tilskipunar 96/5/EB. Hámarksgildin gilda fyrir afurðina eins og hún er boðin til sölu.

(4) Ungbarnablöndur og stoðblöndur samkvæmt skilgreiningu í 1. gr. tilskipunar 91/321/EBE. Hámarksgildin gilda fyrir afurðina eins og hún er boðin til sölu.

(5) Sérfaða notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi samkvæmt skilgreiningu í 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 1999/21/EB Hámarksgildin gilda fyrir afurðina eins og hún er seld.

(6) Fiskur og lagarafurðir eins og hvort tveggja er skilgreint í flokkum b, c og f í skránni í 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 104/2000.

(7) Fiskur eins og hann er skilgreindur í flokki a í skránni í 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 104/2000."